

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	21.11.2016
Málalýkill	9.32
Mál nr.	1302243

Skipulagsstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
220 Garðabæ

2015-01-52/0.11.0
18.11.2016

Varðar: Umsögn Landsnets um tillögu að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030.

Unnið er að endurskoðun Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030. Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 26. október 2016 þar sem óskað er eftir umsögn Landsnets um skipulagstillöguna.

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun og því munu athugasemdir og ábendingar fyrst og fremst taka afstöðu til málefna sem snúa að því.

Samkvæmt skipulagsuppdrætti eru núverandi flutningslínur raforku á vegum Landsnets innan sveitarfélagsins teiknaðar með helgunarsvæði, þ.e. Hnoðraholtslína og Hamraneslínur 1 og 2 sem báðar liggja ofan byggða. Auk þess Búrfellslína 3B sem liggur syðst í sveitarfélaginu, sunnan Húsfells en samhliða henni er gert ráð fyrir tveimur nýjum háspennulínum. Í greinargerð kemur fram að Hamraneslínur 1 og 2 verða fjarlægðar þegar línur ofan Húsfells geta tekið við hlutverki þeirra. Á uppdrætti kemur fram að sýndar séu háspennulínur með helgunarsvæði. Eingöngu eru sýnd helgunarsvæði með Búrfellslínu 3B og væntanlegra lína samsíða henni.

Landsnet vill minna á að gera þarf ráð fyrir helgunarsvæði með öðrum línum, þó minni séu s.s. Hnoðraholtslínu og Hamraneslínum, þó þær séu víkjandi samkvæmt með ofangreindum fyrirvörum. Þá vill Landsnet benda á að um allar útfærslur í skipulagi gildir eftirfarandi: Í næsta nágreanni háspennulína þarf að tryggja að helgunarsvæði þeirra sé virkt. Í því samhengi þarf einnig að hafa í huga að skógrækt sé ekki stunduð innan helgunarsvæðisins. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang að línum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. Um getur verið að ræða ýmis vélknúin tæki, allt eftir eðli verkefna.

Landsnet gerir að öðru leyti ekki efnislegar athugasemdir við tillögu aðalskipulagsins.

Virðingarfyllt



Einar S. Einarsson
framkvæmdastjór Stjórnunarsvið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026